



Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 27.04.2017
Tilvísun: 1702022/0.7.6

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 - 2022
Landhelgisgæsla Íslands hefur fengið til umsagnar þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 – 2022.

Landhelgisgæsla Íslands er með fjárheimildir fyrir starfsemi sína undir málefнасviði 9 Almanna- og réttaröryggi, málaflokk 9.20 Landhelgi og hins vegar með verktakagreiðslum frá Utanríkisráðuneytinu undir málefнасviði 4 Utanríkismál, málaflokk 4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál. Landhelgisgæslan hefur ekki athugasemdir varðandi málaflokk 4.30.

Málaflokkur 9.20 Landhelgi:

Tillögur Landhelgisgæslu Íslands vegna fjármálaáætlunar 2018 -2022 gerðu ráð fyrir því að lágmarks löggæslu-öryggis- og björgunarþjónusta á hafi yrði tryggð með því að hafa tvær þyrlur með tveimur áhöfnum til taks allt að 95% ársins, tvö varðskip á sjó hverju sinni og eftirlits- og björgunarflugvél til taks 95% ársins. Þetta er sá viðbúnaður sem þarf til þess að tryggja lágmarks öryggi á hafinu miðað við áhættu- og þarfagreiningu Landhelgisgæslunnar.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að þyrlufloti Landhelgisgæslunnar verði endurnýjaður á tímabilinu. Það er tímabær endurnýjun eins og komið hefur fram í skýrslu stýrihóps sem skilað var til innanríkisráðherra í janúar árið 2016. Landhelgisgæslan hefur þegar sett af stað starfshóp sem vinnur að undirbúningi þessa verkefnis og ef áætlanir ganga eftir má gera ráð fyrir því að nýjar þyrlur verði afhentar undir lok tímabils fjármálaáætlunarinnar.

Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða þremur þyrlum og þegar tekið er tilliti til viðhaldstíma eru tvær þyrlur til taks 95% af árinu. Til að geta mannað tvær þyrlur allt árið þarf Landhelgisgæslan að hafa yfir að ráða sjö áhöfnum. Í dag hefur Landhelgisgæslan fimm þyrluáhafnir sem þýðir að um 44% af árinu eru tvær áhafnir til taks, það er að 56% á árinu er ekki hægt að tryggja leitar- og björgunarþjónustu á sjó með þyrlu. Til þess að gera þjónustu- og öryggisstig viðunandi þarf að bæta við tveimur áhöfnum sem áætlað er að kosti 550 milljónir á ársgrundvelli. Til þess að uppfæra TF-LÍF þannig að hún sé hæf til blindflugs þarf að gera uppfærslu sem áætlað er að kosti 150 milljónir. Fjármálaáætlunin gerir ekki ráð fyrir að fjármagn til þyrlureksturs verði aukið á tímabilinu en gert er ráð fyrir því að blindflugsbúnaður TF-LÍF verði uppfærður. Í ljósi þess hve útköllum á þyrlur hefur fjölgað undanfarin ár eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni er ljóst að tími til æfinga og löggæslu fer sífellt minnkandi sem hefur neikvæð áhrif á þjónustu- og öryggisstigið.


Landhelgisgæslan hefur í dag yfir að ráða þremur skipum, þar af tveimur sem eru haffær og tveimur áhöfnum til að manna þessi skip sem gerir það að verkum að stofnunin getur haft varðskip á sjó um það bil 300 daga af 365 á

ársgrundvelli. Þetta þýðir að viðbragðstími varðskipa innan efnahagslögsögunnar er allt að 48 klukkustundir en lágmarks viðbragðstími varðskipa ætti að vera 24 klst. Til þess að bæta viðbragðið þarf að bæta við tveimur áhöfnum og gera þriðja skipið haffært. Við þetta mundi árlegur kostnaður aukast um 660 milljónir. Uppfærsla á varðskipinu Ægi sem myndi duga til að gera skipið út í fimm til átta ár mundi kosta um 200 milljónir.

Landhelgisgæslan óskaði eftir 300 milljóna viðbótarfjárheimildum árið 2017 til þess að geta haldið úti rekstri flugvélar Landhelgisgæslunnar TF-SIF á og við Ísland allt árið um kring. Í fjárlögum ársins 2017 fékk stofnunin 100 milljónir tímabundið sem þingsályktunin gerir ráð fyrir að verði framlengt. Til þess að brúa bilið hefur stofnunin leitað eftir verkefnum fyrir flugvélin erlendis og verður flugvélin um fjóra mánuði af árinu 2017 í verkefnum á vegum Frontex, landamærastofnunar Evrópusambandsins. Framlenging á 100 milljóna framlaginu hjálpar til við að halda flugvélinni í rekstri á og við Ísland stærri hluta úr árinu en ella hefði verið en vegna skorts á rekstrarfé hefur flugvélin verið allt að 50% af árinu í verkefnum fyrir Frontex frá árinu 2010 sem hefur komið verulega niður á löggæslu-, eftirlits og björgunargetu Landhelgisgæslunnar. Til að tryggja lágmarks löggæslu og björgunargetu í úthafinu er nauðsynlegt að tryggja rekstur flugvélarinnar á Íslandi. Með þremur áhöfnum er tryggð sólahrings viðbragðsgeta um 93% ársins. Til þess að tryggja það þyrfti að auka fjárveitingar til stofnunarinnar um 200 milljónir á ári.

Það er mat stjórnenda stofnunarinnar að auka þurfi framlög til málaflokksins Landhelgi um 1,4 milljarða á ári til þess að tryggja lágmarks þjónustu- og öryggisstig.

Virðingarfyllst,


Georg Kr. Lárusson
forstjóri.